

Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2017

1. Viðauki vegna kjarasamninga við Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 72.865 þkr. vegna kjarasamninga við Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum. Kostnaðaráhrifin eru vegna þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við einkarekna tónlistarskóla. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostnaðarstað 09126, Launa- og starfsmannakostnaður og færast á kostnaðarstað M3100.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-72.865
SFS	M3100	Tónlistarskólar	Til	72.865
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða Samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Lagt er til að skóla- og frístundasvið fái heimild til að greiða hlutaðeigandi tónlistarskólum í samræmi við ofangreindan kostnaðarauka greiðslur sem nema 16.123 þkr. þann 31. mars nk. vegna hækkana sem tóku gildi þann 1. janúar sl. og 1. mars sl. með fyrirvara um samþykkt borgarstjórnar enda verði greiðslur til viðkomandi skóla leiðréttar ef með þarf.

Greinargerð:

Samband Íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum gengu frá nýjum kjarasamningi þann 31. janúar sl. og samþykktur var þann 10. febrúar. Í samningnum fólst eingreiðsla að fjárhæð 350 þkr. pr. fullt stöðugildi í febrúar 2017 sem greiðist í tvennu lagi. Kostnaðarmat vegna hennar nemur 22.824 þkr sem þegar hefur verið fjármögnuð. Kostnaðarmat vegna afturvirkra launahækkana skv. launatöflu frá 1. janúar 2017 og launahækkana þann 1. mars sl. nemur um samtals um 72.865 þkr. sem gert er ráð fyrir að fjármagnað sé í ofangreindri tillögu. Að auki gerir samningurinn ráð fyrir flokkahækkunum stjórnenda, en ekki liggur fyrir mat á þeim lið ennþá.

2. Viðauki vegna kjarasamninga við Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH)

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 12.441 þkr. vegna kjarasamninga við Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) einkum vegna kennara í skólahljómsveitum. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostnaðarstað 09126, Launa- og starfsmannakostnaður og færist á kostnaðarstaðina M3002/3/4/5.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-12.441
SFS	M300x	Skólahljómsveitir	Til	12.441
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða Samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Í gildi er kjarasamningur Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hljómlistarmanna, eða frá 1. ágúst 2015. Sl. haust var ákveðið að rýna kostnaðarmat sammingsins sem hafði verið lagt fram fyrir á árinu 2016 og nam þá 4.683 þkr. Nýtt mat gerði ráð fyrir kostnaðarhækkunum að fjárhæð 17.123 þkr sem felur í sér vanmat að fjárhæð 12.441 þkr. sem hér er gerð tillaga um að bæta í ramma skóla- og frístundasviðs.

3. Viðauki vegna leiðréttingar á framlögum til tónlistarskóla

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 21.985 þkr. vegna leiðréttingar á framlögum til kennslu í tónlistarskólum sem fjármögnuð er af Jöfnunarsjóði. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af liðnum 09205 Ófyrirséð og færist á kostnaðarstað M3100 Tónlistarskólar.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-21.985
ÍTR	M3100	Tónlistarskólar	Til	21.985
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða Samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Framlög til kennslu í tónlistarskólum sem fjármögnuð eru af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru skv. samkomulagi ríkis og sveitarfélaga áætluð 275.118 þkr sem koma í hlut Reykjavíkurborgar. Samningurinn lá fyrir í september 2016 og voru í framhaldi gerðar breytingar á fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs sem tók mið af þeirri fjárhæð. Við frágang fjárhagsáætlunar í nóvember var unnið að breytingum á fjárheimildum vegna ársins 2016 sem fól í sér lækkun á fjárheimildum um 21.985 þkr og vegna mistaka var gerð sambærileg breyting á fjárheimildum fyrir árið 2017.

4. Viðauki vegna vinnumiðaðrar stoðþjónustu fyrir fatlað fólk

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um 30.000 þkr. árið 2017 til þess að fjármagna 8 rými í vinnumiðaðri stoðþjónustu sbr. mál R16070008. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af liðnum 09205 Ófyrirséð og færist á kostnaðarstað F4120 Samningar og styrkir - málefni fatlaðra.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -30.000
VEL	F4120	Samningar og styrkir - málefni fatlaðs fólks	Til 30.000
			Samtals 0

Greinargerð:

Velferðarsvið hefur lagt fram minnisblað um kostnaðargreinda uppbyggingaráætlun í vinnumiðaðri stoðþjónustu fyrir fatlað fólk til 10 ára frá 2017-2027. Á þessu ári er gert ráð fyrir að bæta við 8 rýmum sem verði tekin í notkun í sumar, en áætlað er að kostnaður verði á ársgrundvelli um 7,5 mkr. pr rými að meðaltali eða samtals 60 mkr. á ári.

5. Viðauki vegna Bataskólans

Lagt er til að gerð verði tilfærsla á fjárheimildum innan velferðarsviðs að fjárhæð 15.000 þkr. vegna stofnunar og rekstrar bataskóla á Íslandi, sbr. mál R16120043 Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundsviðs og velferðarsviðs um stofnun bataskóla á Íslandi. Kostnaður verði fjármagnaður með tilfærslu á fjármagni af fjárhagsaðstoð kostn.st. F1700 og færist á kostn.st. V1120, verkefni F5480 Bataskóli.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
VEL	F1700	Fjárhagsaðstoð/framfærslustyrkur	Frá -15.000
VEL	V1120	Skrifstofa ráðgjafþjónustu (verkefni: Bataskóli)	Til 15.000
			Samtals 0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða Samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

6. Viðauki vegna miðborgarsjóðs

Lagt er til að fjárheimildir miðlægrar stjórnýslu verði auknar um 46.300 þkr. árið 2017 vegna stofnunar á Miðborgarsjóð, sbr. mál R15010232 Málefni miðborgar - stýrihópur. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af liðnum 09205 Ófyrirséð og færist á kostnaðarstað 01100 Skrifstofa borgarstjóra, sem mun hýsa verkefnið.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -46.300
RHS	01100	Skrifstofa borgarstjóra	Til 46.300
			Samtals 0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða Samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Tillögunum skal vísað til samþykkis í borgarstjórn.

Dagur B. Eggertsson